

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 205/2020**

2023/EES/70/29

frá 11. desember 2020

um breytingu á IV. viðauka við EES-samninginn (Orka)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 frá 26. september 2016 um viðmiðunarreglur varðandi úthlutun flutningsgetu fram í tímann ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 gildir ekki um flutningskerfi á eyjum sem ekki eru tengd öðrum flutningskerfum með samtengingu.
- 3) Þar sem flutningskerfið á Íslandi er ekki tengt öðru flutningskerfi ber reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 ekki að gilda um Ísland.
- 4) Sakir smæðar sinnar og takmarkaðs fjölda raforkukaupenda hefur Liechtenstein ekki sitt eigið raforkuflutningskerfi. Því ber reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 ekki að gilda um Liechtenstein.
- 5) Skilja ber vísanir til raforkuflutningskerfisstjóra, eftirlitsyfirvalda og hagsmunaaðila svo að þær taki til raforkuflutningskerfisstjóra, eftirlitsyfirvalda og hagsmunaaðila sem eru fulltrúar Noregs.
- 6) Þegar skilmálar, skilyrði og aðferðir samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 eru mótaðar í sameiningu er mjög mikilvægt að allar nauðsynlegar upplýsingar séu lagðar fram án tafar. Með náinni samvinnu milli raforkuflutningskerfisstjóra og eftirlitsyfirvalda ætti að vera tryggt að viðkvæmar upplýsingar, s.s. ítarlegar upplýsingar um aðveitustöðvar, nákvæma staðsetningu flutnings neðanjarðar, upplýsingar um stýringarkerfi og ítarlegar veikleikagreiningar sem hægt er að nota til skemmdarverka njóti virkrar verndar við mótun skilmála, skilyrða eða aðferða. Svo tryggja megi skilvirka framkvæmd reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 ber að koma á samstarfi að sama marki að því er varðar skipti á upplýsingum og vernd viðkvæmra upplýsinga að því er varðar samstarfið við Noreg.
- 7) Framlag af hálfu allra hagsmunaaðila til þróunar svæðisbundinna skilmála, skilyrða og aðferða, eða sem taka til EES, sem geta orðið bindandi með reglusetningu er nauðsynlegt í þágu skilvirks ramma yfir landamæri. Raforkuflutningskerfisstjórar og aðrir hagsmunaaðilar ættu því að taka þátt í ferlinu við þróun tillagna að skilmálum, skilyrðum og aðferðum sem kveðið er á um í ýmsum ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719. Norski raforkuflutningskerfisstjórinn ætti einkum að taka þátt í ákvarðanatöku hagsmunaaðila á svipaðan hátt og raforkuflutningskerfisstjóri sem kemur fram fyrir hönd aðildarríkis ESB.
- 8) Að því er varðar svæðisbundnar tillögur eða tillögur sem taka til alls Sambandsins skulu eftirlitsyfirvöld, ef samþykki tillagna frá raforkuflutningskerfisstjórum krefst ákvörðunar fleiri en eins eftirlitsyfirvalds, eiga samráð og vinna náið saman í því skyni að ná samkomulagi áður en eftirlitsyfirvöld samþykkja ákvörðun. Norska eftirlitsyfirvaldið skal eiga þátt í slíku samstarfi.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 259, 27.9.2016, bls. 42.

- 9) Þar sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 hefur verið samþykkt á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 714/2009 frá 13. júlí 2009 um skilyrði fyrir aðgangi að neti fyrir raforkuviðskipti yfir landamæri og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1228/2003 ⁽²⁾ hafa aðlögunartextarnir sem útlistaðir voru og samþykktir með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2017 frá 5. maí 2017 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn ⁽³⁾ að því er varðar framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 714/2009, einkum ákvæðin í 1. og 5. lið 1. gr. ákvörðunarinnar, sem kveða á um aðlögun varðandi hlutverk Samstarfsstofnunar eftirlitsaðila á orkumarkaði í ljósi EES-samstarfsins, þýðingu að því er varðar beitingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 innan EES, einkum að því er varðar beitingu 8. mgr. og 10. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar.
- 10) IV. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir 49. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1222) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„50. **32016 R 1719:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1719 frá 26. september 2016 um viðmiðunarreglur varðandi úthlutun flutningsgetu fram í tímann (Stjtið. ESB L 259, 27.9.2016, bls. 42).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Reglugerðin gildir ekki um Ísland og Liechtenstein.

b) Í 4. gr.:

(i) Skilja ber vísanir til „íbúafjölda Sambandsins“ í b-lið 2. mgr. 4. gr., „íbúafjölda viðkomandi svæðis“ í b-lið 3. mgr. 4. gr. og „íbúafjölda í þáttökuaðildarríkjunum“ í annarri undirgrein 3. mgr. 4. gr. svo að þær taki til íbúa Noregs þegar litið er til þess hvort viðeigandi viðmiðunarmörkum að því er varðar íbúafjölda hafi verið náð við mat á því hvort aukinn meirihluti hafi náðst.

(ii) Skilja ber vísanir „fleiri en fimm aðildarríki eru á viðkomandi svæðum“ í fyrstu undirgrein 3. mgr. 4. gr. og til „svæði fimm aðildarríkja eða færri“ og í þriðju undirgrein 3. mgr. 4. gr. sem „fleiri en fjögur aðildarríki Sambandsins og Noregur eru á viðkomandi svæðum“ og „svæði fjögurra aðildarríkja Sambandsins og Noregs eða færri“, að því er varðar hvora um sig.

c) Eftirfarandi er bætt við 7. gr.:

„Samningar milli flutningskerfisstjóra og/eða eftirlitsyfirvalda mega tryggja að trúnaðarupplýsingar eða viðkvæmar upplýsingar njóti skilvirkar verndar og hjálpa til við að tryggja að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að móta sameiginlega skilmála, skilyrði og aðferðir séu lagðar fram án tafar.“

2. gr.

Norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/1719, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram, eftir því hvor dagsetningin er síðar (*).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 211, 14.8.2009, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 36, 7.2.2019, bls. 44, og EES-viðbætur 11, 7.2.2019, bls. 53.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.